



GREINING Á BREYTINGUM Í FERÐAVENJUM ÍBÚA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ferðavenjukönnun 2022



23320

https://vsoradgjof.sharepoint.com/sites/workpoint_1/Project2423/Documents/Greinargerð/sk23320_ferðavenjukönnun_2022.docx

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
1	20.12.2023	HBH/MÁ	RÞÞ	RÞÞ

Unnið af:

VSÓ Ráðgjöf
Borgartúni 20, 105 Reykjavík

www.vso.is

Unnið fyrir:



Vegagerðin
Suðurhraun 3, 210 Garðabæ



Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Umfjöllun	4
2.1	Samanburður á ferðafjölda þeirra sem hafa aðgengi að bíl	4
2.2	Samanburður á ferðafjölda þeirra sem eru á atvinnumarkaði eða ekki borið saman við OECD gagnagrunn	10
2.3	Samanburður svarenda sem fara engar ferðir	15
2.4	Samanburður á ferðafjölda eftir fjölskyldutekjum	21
2.5	Tengsl tímalengdar ferða og fjölda ferða	22
2.6	Tengsl ferðafjölda og þeirra sem nýta sér fjarvinnu/náms möguleika	25
2.6.1	<i>Fjarvinna</i>	25
2.6.2	<i>Fjarnám</i>	27
2.7	Hjólreiðar	30
3	Samantekt	32
4	Heimildaskrá	33

Höfundar skýrslunnar bera ábyrgð á innihaldi hennar. Niðurstöður hennar ber ekki að túlka sem yfirlýsta stefnu Vegagerðarinnar eða álit þeirra stofnana eða fyrirtækja sem höfundar starfa hjá.

Greiningin byggir á gögnum úr ferðavenjukönnunum sem Innviðaráðuneytið, Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH), Vegagerðin, Strætó, Skipulagsstofnun, HMS og Betri samgöngur stóðu fyrir og var framkvæmd af Gallup. Þökkum við Gallup fyrir veita aðstoð.



1 Inngangur

VSÓ Ráðgjöf gaf út rannsóknarverkefni árin 2019 og 2022 sem báru saman niðurstöður fyrri ferðavenjukannana fyrir höfuðborgarsvæðið, þar kom í ljós að einstaklingar sem eru 17 ára og yngri fara að meðaltalið flestar ferðir, að atvinnuþátttaka hefur ekki ráðandi áhrif á ferðamyndun, að aukning sé hjá einstaklingum yfir 60 ára sem fara enga ferð og að algengasti tilgangur ferðar sé að fara í vinnu, fara heim (annað) eða fara til afþreyingar.

Hér verður borið saman niðurstöður úr ferðavenjukönnuninni frá 2022 við fyrri kannanir. Gerðar hafa verið fimm stórar ferðavenjukannanir á höfuðborgarsvæðinu; árin 2011, 2014, 2017, 2019 og nú sú nýjasta frá 2022, þar sem ferðavenjur fólks eru mældar fyrir alla samgöngumáta.

Meginmarkmið þessa verkefnis er að bera saman niðurstöður ferðavenjukönnunar 2022 fyrir höfuðborgarsvæðið við fyrri ár með eftirfarandi hætti:

- Bera saman ferðafjölda þeirra sem hafa aðgengi að bíl.
- Bera saman ferðafjölda þeirra sem eru á atvinnumarkaði eða ekki og bera þau svör saman við OECD gagnagrunn.
- Skoða fjölda og svör þeirra sem fara engar ferðir í síðustu fimm ferðavenjukönnunum.
- Bera saman ferðafjölda eftir fjölskyldutekjum.
- Skoða nánar tengsl tímalengdar ferða og fjölda ferða.
- Bera saman ferðamáta og þá sérstaklega skoða nánar aukningu notenda á rafskútum/rafhjólum.
- Tengsl ferðafjölda og þeirra sem nýta sér fjarnáms/vinnu möguleika.



2 Umfjöllun

Ferðavenjukannanir gefa mikilvægar upplýsingar fyrir alla þá sem starfa að skipulags- og samgöngumálum og gera mönnum kleift að fylgjast með þróun og breytingum á hegðunarmynstri. Þannig gefa þær mikilvægar grunnforsendur fyrir spálíkön. Mikilvægi þeirra eykst svo enn frekar þegar menn reyna að spá fyrir um breytingar á ferðamáta og áhrif þeirra á framtíðarumferð.

Niðurstöður sem hér á eftir koma eru tilkomnar af íbúum höfuðborgarsvæðisins sem skráðir eru til heimilis innan þéttbýlis. Fjöldi þátttakenda í könnuninni eru 5.532, þar af fóru 504 einstaklingar enga ferð en 475 einstaklingar svöruðu ekki hversu margar ferðir viðkomandi fór. Þeir einstaklingar sem svöruðu ekki ferðafjölda eru ekki teknir með í eftirfarandi greiningu.

2.1 Samanburður á ferðafjölda þeirra sem hafa aðgengi að bíl

Meðal spurninga ferðavenjukönnunar árið 2022 voru „Hefur þú bílpróf“ og „Hefur þú bíl til umráða“ bendir til aðgengis að bíl. Einungis þátttakendur eldri en 17 ára voru spurð þessara spurninga þar sem ekki er hægt að hafa bílpróf nema að hafa náð 17 ára aldri. Flestir þeirra sem fóru einhverja ferð hafa bílpróf eða um 91%. Þátttakendur 17 ára og eldri sem hafa ekki bílpróf eru 2%. Um 6% þátttakenda voru undir 17 ára aldri og því ekki komnir með bílpróf.


Í síðustu fjórum ferðavenjukönnunum þ.e. frá árunum 2011, 2014, 2017 og 2019 hefur hlutfall í hverri könnun með bílpróf numið 97% og sama gildir um hlutfallið í ár. Hlutfall ferða sem eru farnar sem bílstjóri er 59% árið 2022 en hlutfallið hefur breyst lítið síðustu ár, en það var 61% árin 2011 og 2017 en 60% árin 2014 og 2019.

Þeir þátttakendur sem hafa bílpróf voru einnig spurðir hvort þau hafa bíl til umráða. Niðurstöður ferðavenjukönnunar 2022 sýnir að 96% þeirra sem hafa bílpróf hafa einnig aðgengi að bíl en hér er hlutfallið reiknað út frá því hversu margir svara spurningunni um aðgengi að bíl. Af þeim sem tóku afstöðu höfðu 4% ekki aðgengi að bíl í könnuninni 2022. Aðgengi að bíl jókst um 2% frá 2019 til 2022. Gert er ráð fyrir að þau sem eru eldri en 17 ára og ekki með bílpróf hafi ekki aðgengi að bíl.

Ferðadreifing fólks með bílpróf og bíl til umráða má sjá á mynd 2.1. Flestir sem eru með bílpróf og bíl til umráða fara tvær ferðir á dag eða 36% þeirra. Næst algengast er að fólk fari 3 ferðir á dag eða 17%. Athyglisvert er að 10% þátttakenda fara enga ferð.


Úr niðurstöðum á könnuninni 2019 var algengast fyrir fólk að fara tvær ferðir á dag og um 28% gerðu það. Hlutfallslega fara fleiri tvær ferðir á dag árið 2022 heldur en 2019 en það hefur verið 8% aukning. Dreifingin er svipuð fyrir bæði árin en mesta breytingin er að 10% fara enga ferð árið 2022.

Meðalfjöldi ferða fólks með bílpróf og bíl til umráða er 3,1 ferð á dag.




Mynd 2.1 Stuðlarit sem sýnir ferðadreifingu fólks sem hefur bílpróf og bíl til umráða

Meðalfjöldi ferða fólks án bílprófs eða undir 17 ára eru 3,7 ferðir á dag. Á mynd 2.2 sést ferðadreifingin og algengast er að þessi hópur fari fjórar ferðir á dag eða 27%. Næst tvær ferðir eða 19%.




Mynd 2.2 Stuðlarit sem sýnir ferðadreifingu fólks án bílprófs, bíls eða undir 17 ára aldri

Á mynd 2.3 má sjá ferðadreifingu þátttakenda undir 17 ára. Þessi aldurshópur fer að meðaltali fleiri ferðir en aðrir hópar eða 4,3 ferðir á dag, eru það jafn margar ferðir á dag og hópurinn gerði 2019. Algengast er að þessi hópur fari 4 ferðir á dag eða um 32%. Næst algengast er að farið séu 5 ferðir á dag eða 16% gera það.




Mynd 2.3 Stuðlarit sem sýnir ferðadreifingu þátttakenda undir 17 ára aldri

Á mynd 2.4. sést ferðadreifing fólks með bílpróf en án bíl til umráða. Af þeim hópi fara flestir 2 ferðir eða 47% og meðalfjöldi ferða er 2,5 ferðir á dag. Því er greinilegt að fólk sem er með bílpróf en hefur ekki bíl til umráða fer færri ferðir heldur en fólk með bílpróf og bíl til umráða en það munar að meðaltali 0,6 ferðum á einstakling.




Mynd 2.4 Stuðlarit sem sýnir ferðadreifingu fólks með bílpróf en án bíls til umráða

Þau sem eru 17 ára og eldri og eru ekki með bílpróf fara að meðaltali fæstar ferðir á dag eða 2,3 ferðir. Það munar 0,2 ferðum á þeim sem hafa bílpróf en ekki bíl til umráða og þeim sem eru 17 ára og eldri án bílprófs. Flestir fara 2 ferðir á dag eða um 32%. Mynd 2.5. sýnir ferðadreifingu fólks 17 ára og eldri sem hafa ekki bílpróf.



Mynd 2.5 Stuðlarit sem sýnir ferðadreifingu fólks 17 ára og eldri sem er ekki með bílpróf

Aldursdreifing þátttakenda sem hafa bílpróf og bíl til umráða má sjá á mynd 2.6.




Mynd 2.6 Stuðlarit sem sýnir aldursdreifingu þátttakenda með bílpróf og bíl til umráða

Sá hópur sem fer flestar ferðir á dag eru þátttakendur sem eru yngri en 17 ára en einstaklingar í þeim hópi fara að meðaltali 4,3 ferðir á dag (mynd 2.3.). Þar sem börn undir 17 ára hafa ekki bílpróf né aðgengi að bíl, fara þau því allar ferðir sínar sem farþegi í bíl, gangandi, hjólandi eða með almenningssamgöngum.

Áhugavert er að skoða niðurstöðuna um að meðalfjöldi ferða hjá einstaklingum sem eru ekki með bílpróf, bíls eða undir 17 ára eru 3,3. Meðalfjöldi ferða hjá þeim sem hafa bílpróf og bíl til umráða er 3,1. Fólk með bílpróf sem hefur ekki bíl til umráða fara 2,5 ferðir á dag

að meðaltali. Sá hópur sem fer fæstar ferðir eru þau sem eru 17 ára og eldri og hafa ekki bílpróf. Meðalfjöldi ferða hjá þeim hópi er 2,3 ferðir á dag.

Samanborið við meðalfjölda ferða úr ferðavenjukönnun frá árinu 2017 og 2019 fæst mynd 2.7. Þar má sjá að í nær öllum tilfellum hafa ferðum fækkað og allra mest hjá þeim sem eru með bílpróf og hafa bæði aðgengi og ekki aðgengi að bíl. Ferðum fækkar einnig hjá þeim sem eru 17 ára og eldri án bílprófs. Ferðum einstaklinga sem hafa ekki bílpróf, eru án bíls og undir 17 ára hafa fækkað frá árinu 2017 en helst óbreytt frá árinu 2019. Ferðum einstaklinga sem eru undir 17 ára hefur ekkert breyst frá árinu 2019 og jókst um 0,1 ferð frá árinu 2017.




Mynd 2.7 Samanburður á meðalferðafjölda á milli ferðavenjukannana frá árinu 2017, 2019 og 2022

Á mynd 2.8 er sett fram dreifingu ferðamáta einstaklinga í ferðavenjukönnun 2022, eftir aldri, fyrir þá sem hafa bílpróf og aðgengi að bíl og þeirra sem ekki hafa bílpróf ferðast er skoðað ferðamáta hvors hóps fyrir sig.

Hlutföllin hér að neðan eru reiknuð miðað við þá sem taka afstöðu. Þeir sem eru með bílpróf og aðgengi að bíl fara 79% ferða sinna sem bílstjóri, 8% tilfella sem farþegi í bíl, 5% tilfella gangandi, í 4% tilfella á reiðhjól, í 2% tilfella með strætó og 1% tilfella með hlaupahjól. Einstaklingar með bílpróf en án bíls fara flestar ferðir sinna í strætó eða í 29% tilfella, í 28% tilfella gangandi, 12% tilfella sem bílstjóri, í 9% tilfella sem farþegi í einkabíl, 13% tilfella með reiðhjól og í 7% tilfella með hlaupahjól. Áhugavert er að sjá að 29% einstaklinga taka strætó í þessum hópi borið saman við að aðeins 2% þeirra sem eru með bílpróf og aðgengi að bíl.

Einstaklingar eldri en 17 ára og án bílprófs fara flestar ferðir sínar gangandi eða í 29% tilfella, í 28% tilfella sem farþegi í bíl, í 24% tilfella með strætó, í 8% tilfella með reiðhjól og 5% tilfella með hlaupahjól. Þátttakendur yngri en 17 ára fara flestar ferðir sínar gangandi eða í 43% tilfella, en í 33% tilfella sem farþegi í einkabíl, í 12% tilfella með strætó, í 8% tilfella á reiðhjól og í 4% tilfella með skólabíl. Til samanburðar má sjá meðaltal allra þátttakenda í ferðavenjukönnun 2022.



Mynd 2.8 Ferðamáti einstaklinga í ferðavenjukönnun 2022


Til að sjá hvaða breyting hefur átt sér stað varðandi hvaða ferðamáta einstaklingar velja sér eru bornar saman niðurstöðurnar frá 2019 við þær frá 2022. Á mynd 2.9, sést að fyrir þá sem eru með bítpróf og hafa aðgengi að bít hafa ferðir sem bílstjóri staðið í stað. Þó er hópurinn ekki eins oft farþegi í bít þar sem hlutfallið var 9% árið 2019 borið saman við 8% árið 2022. Gengið er minna þar sem hlutfallið fyrir gangandi var 7% en er 5% árið 2022. Hlutfallið sem hjólar eykst um eitt prósent, úr 3% í 4% árið 2022. Jafn stór hluti tekur strætó á milli kannana, eða 2%.

Fyrir hópin sem hefur bítpróf en ekki aðgang að bít er lítill munur milli ára fyrir þá sem fara ferð sína sem bílstjóri eða árið 2019 var hlutfallið 10% en árið 2022 12%. Talsverð lækkun hefur verið fyrir þá sem eru farþegar í bít en hlutfallið árið 2019 var 17% en aðeins 9% árið 2022. Svipað margir taka strætó en hlutfallið fyrir þá sem hjóla hefur aukist úr 12% í 13% á milli áranna. Áhugaverðast er að sjá að aukning á ferðum með hlaupahjólum, en sá ferðamáti fór úr 0% upp í 7% á milli ára.

Fyrir þá sem eru 17 ára og eldri og án bítprófs eru færri sem eru farþegar í bít árið 2022 eða 28% miðað við 2019 þar sem hlutfallið var 29%. Um 6% færri taka strætó árið 2022 miðað við árið 2019 þar sem það var 30%. Hlutfall gangandi stóð í stað milli ára og er 29% árið 2022. Þá bættist við rafskúturnar og eru þær 5% ferða í þessum flokki.

Fyrir einstaklinga undir 17 ára fækkar hlutfall þeirra sem eru farþegar í bít um 3% milli ára eða í 33% árið 2022. Um 3% fleiri taka strætó eða 12% árið 2022. Mesta aukningin er í hlutfall þeirra sem ganga en það jókst um 6% milli áranna og er 43% árið 2022. Hlutfall þeirra sem notar hlaupahjól í þessum aldurshóp árið 2022 er 0% en árið 2019 var hlutfallið 1%.

Fyrir alla þátttakendur dró úr akandi ferðum um 2% úr 61% árið 2019 í 59% árið 2022, aðrir ferðamátar stóðu að mestu í stað, þó jókst notkun hlaupahjóla um 1% og ferðum farnar gangandi dróst saman um 1%.



Mynd 2.9 Ferðamáti einstaklinga í ferðavenjukönnun 2019 og 2022


2.2

Samanburður á ferðafjölda þeirra sem eru á atvinnumarkaði eða ekki borið saman við OECD gagnagrunn


Þátttakendur á höfuðborgarsvæðinu sem eru á atvinnumarkaði í fullri vinnu eru 3.223 manns og í hlutastarfi eru 615 manns. Því eru alls 3.838 manns á atvinnumarkaði á höfuðborgarsvæðinu eða 74% þátttakenda sem tóku afstöðu og eru eldri en 15 ára. Einungis þátttakendur eldri en 15 ára voru spurðir út í atvinnu. Þátttakendur sem stunda nám og eru ekki í vinnu falla undir hópinn „ekki í vinnu“. Á mynd 2.10. og 2.11. má sjá dreifingu ferðafjölda þátttakenda sem eru í vinnu og þátttakenda sem ekki eru í vinnu.

Á mynd 2.10 og 2.11 sést að þeir sem eru í vinnu fara fleiri ferðir heldur en þeir sem ekki eru í vinnu. Meðaltal ferða þeirra sem ekki eru í vinnu er 2,2 ferðir en 3,4 ferðir fyrir þau sem eru í vinnu. Árið 2019 var meðalfjöldi ferða fyrir fólk sem ekki var í vinnu 3,1 en 4,0 fyrir fólk sem var í vinnu. Meðalfjöldi ferða hefur því minnkað um 0,9 ferðir fyrir fólk sem ekki er í vinnu en um 0,6 fyrir fólk í vinnu. Áhugavert er að sjá að fólk sem ekki er í vinnu fer næstum einni ferð minna á dag.

Þátttakendur í vinnu fara flestir tvær ferðir á dag, eða 40% en þeir sem eru ekki í vinnu fara flestir enga ferð á dag eða 33% þeirra. Fyrir þá sem eru í vinnu er næst algengast að þau fari í 3 ferðir eða 19% og síðan á eftir því að farið sé í 4 ferðir eða 17%. Fyrir þá sem eru ekki í vinnu gildir að næst algengast sé að farið sé í 2 ferðir eða 28% og svo 4 ferðir eða 14%. Athyglisvert er að sjá að ekki munar mikið á hlutfallinu að fólk fari í 4 ferðir hvort sem fólk er í vinnu eða ekki en það munar 3% á þeim sem eru í vinnu og þeim sem eru ekki í vinnu.




Mynd 2.10 Ferðadreifing þátttakenda sem eru í vinnu samkvæmt ferðavenjukönnun 2022




Mynd 2.11 Ferðadreifing þátttakenda sem ekki eru í vinnu samkvæmt ferðavenjukönnun 2022

Til að fá betri mynd á mismun í ferðafjölda á milli þátttakenda sem eru í vinnu og ekki er sett fram stuðlarit á mynd 2.12 sem sýnir ferðadreifingu með safnlínu fyrir uppsafnað hlutfall beggja.



Mynd 2.12 Samanburður ferðadreifingar þátttakenda sem eru í eða eru ekki í vinnu 2022


Á mynd 2.13 má sjá ferðadreifingu þeirra einstaklinga á aldrinum 15-25 sem stunda nám og eru ekki í vinnu samhliða. Falla þessir einstaklingar einnig undir hópinn „ekki í vinnu“ sbr. mynd 2.12. Í ferðavenjukönnun 2022 voru 194 einstaklingar sem féllu inn í þessa skilgreiningu. Flestir eða 33% fara tvær ferðir á dag og næst algengast er að farið séufjórar ferðir á dag eða 22% einstaklinga gera það. Meðalfjöldi ferða þessa hóps er 3,4 ferðir á dag sem eru jafn margar ferðir að meðaltali fyrir þá sem eru í vinnu, sjá mynd 2.10. Ferðir þeirra sem eru í skóla eru fleiri en fyrir þá sem eru ekki í vinnu, sjá mynd 2.11.



Mynd 2.13 Ferðadreifing þátttakenda sem eru í skóla og á aldrinum 15-25 ára




Skoðað er aldursdreifingu hjá hópnum sem er ekki í vinnu á mynd 2.14. Hlutfallið er reiknað miðað við fjölda heildar þátttakenda í hverjum aldursflokki. Flestir sem eru ekki í vinnu eru 65 ára og eldri eða um 71%. Ekki er gerður greinarmunur á hvort fólk sé í námi eða ekki.




Mynd 2.14 Aldursdreifing þátttakenda sem eru ekki í vinnu

Samkvæmt upplýsingagátt OECD er atvinnupátttaka hæst á Íslandi á meðal OECD ríkja. Atvinnuhlutfall á Íslandi meðal fólks á vinnandi aldri þ.e. vinnufært fólk á aldrinum 15-64 ára er 83% miðað við gögn frá árið 2022. Meðaltal atvinnuhlutfalls OECD ríkja er 69% og er því atvinnuhlutfall á Íslandi um 14% hærri en meðaltalið. Á mynd 2.15 má sjá atvinnupátttöku OECD ríkja sem hlutfall af vinnandi fólki fyrir árin 2000-2022 sem byggist á upplýsingagátt OECD (OECD Data, 2023-a).



Mynd 2.15 Atvinnupátttaka í OECD ríkjum sem hlutfall íbúa á vinnandi aldri (15-64 ára) fyrir árið 2022. Svarta línan sýnir veginn meðaltal atvinnupátttöku allra OECD ríkja. (OECD Data, 2023-a)

Hjá upplýsingagátt OECD má einnig sjá tölur um hlutfall atvinnuleysis innan OECD ríkja. Á mynd 2.16 má sjá hlutfall atvinnuleysis meðal OECD ríkja sem hlutfall af vinnandi fólki árið 2022. Hlutfall atvinnuleysis er 3,9% á Íslandi og er atvinnuleysi á Íslandi meðal 15 lægstu. Hlutfall atvinnuleysis fyrir OECD ríki er 5% og er Ísland því undir því. Árið 2017 var Ísland með lágsta hlutfall atvinnuleysis meðal OECD ríkja en þá var hlutfall atvinnuleysis 2,7% en það jókst í 3,9% árið 2019 og því jókst atvinnuleysi um 1,2% milli árunna 2017 og 2019. Atvinnuleysi hefur minnkað um 0,1% milli árunna 2019 og 2022 þar sem það er 3,8% árið 2022 (OECD Data, 2023-b).




Mynd 2.16 Hlutfall atvinnuleysis meðal OECD ríkja árið 2022 (OECD Data, 2023-b)

Af þessu má sjá að Ísland er með einna hæstu atvinnuþátttöku. Þeir sem eru ekki í vinnu ferðast að meðaltali 1,2 ferðum minna á dag, borið saman við fólk sem er í vinnu. Það að hlutfall atvinnuleysis á Íslandi er lágt getur það haft það í för með sér að farnar eru fleiri ferðir á hverjum degi.


2.3 Samanburður svarenda sem fara engar ferðir

Svipaðar spurningar hafa verið lagðar fyrir í ferðavenjukönnunum en þær hafa breyst örlítið milli ára. Mikilvægt er að bera saman fyrri niðurstöður kannana til sjá þær breytingar sem hafa átt sér stað milli kannana sem gæti bent til einherrar ákveðnar þróunar. Fyrst er skoðað hlutfall þátttakenda af heildaríbúafjölda hvers sveitarfélags fyrir hverja könnun fyrir sig samanber mynd 2.17. Mikilvægi þess er að athuga samræmi milli kannana og mögulega breytingu. Hlutfall þátttakenda í könnun 2022 hefur minnkað fyrir hvert sveitarfélag um 0,4-0,7%. Í Mosfellsbæ minnkaði hlutfallið um 0,7% en 0,6% í Hafnarfirði og Seltjarnarnesi. Fyrir hin sveitarfélögin minnkaði þátttaka um 0,4% þegar borið er saman hlutfallslega þátttöku frá árinu 2019.



Mynd 2.17 Hlutfall þátttakenda af heildaríbúafjölda hvers sveitarfélags


Mynd 2.18. sýnir hlutfall þátttakenda sem fóru enga ferð í hverri ferðavenjukönnun fyrir sig í hverju sveitarfélagi. Í Reykjavík og Garðabæ hækkaði hlutfallið um 1%. Í Kópavogi hækkaði hlutfallið um 5% en um 3% í Mosfellsbæ. Hlutföllin breyttust ekki í Seltjarnarnesi og í Hafnarfirði. Áhugavert er að sjá að hlutfall þeirra sem fer enga ferð hækkaði svona mikið í Kópavogi og hefur aldrei orðið jafn hátt, eða 11%. Árið 2017 var hlutfallið 7% en lækkaði í 6% árið 2019. Hlutfall þeirra sem fara enga ferð jókst í öllum sveitarfélögum nema í Seltjarnarnesi.



Mynd 2.18 Hlutfall þátttakenda hvers sveitarfélags sem fóru enga ferð




Dreifingu aldursbila þátttakenda í hverri ferðakönnun fyrir sig má sjá á mynd 2.19. Þátttakendum hefur fjölgað mest fyrir aldurshópana 40-59 ára og 60 ára og eldri eða hlutfallsleg hækkun er 3% milli ársins 2019 og 2022. Þó lækkaði hlutfall þeirra sem eru 20 ára og yngri um 4%. Hlutfallið lækkaði um 1% fyrir aldurshópinn 20-39 ára. Athugavert er að spá í hvort aukin þátttaka 60 ára og eldri hefur áhrif á meðalfjöldi ferða fólks í heild sinni þar sem þau fara hlutfallslega færri ferðir en einstaklingar í öðrum aldurshópum.




Mynd 2.19 Dreifing þátttakenda eftir aldursbilum

Á mynd 2.20 sést hlutfall þeirra sem fara enga ferð af öllum þátttakendum í hverju aldursbili. Samtals fara 22% þátttakenda sem eru 60 ára og eldri enga ferð yfir daginn. Næst algengast er að einstaklingar sem eru á aldrinum 40-59 ára fari enga ferð hlutfall þeirra er 4%.




Mynd 2.20 Hlutfall heildarþátttakenda sem fóru enga ferð í hverju aldursbili

Til að skoða ferðavenjur þátttakenda sem fara enga ferð enn fremur er skoðað skipting milli kynja. Á mynd 2.21. má sjá dreifingu þátttakenda miðað við aldersbil og kyn fyrir hverja ferðavenjukönnun fyrir sig. Samtals fóru 228 karlmenn og 277 konur enga ferð.



Mynd 2.21. Dreifing þátttakenda sem fóru enga ferð eftir kyni og aldri

Ef einungis er horft á dreifingu milli kynja en ekki aldurshópa má sjá á mynd 2.22. Fleiri fara engar ferðir miðað við 2019 en hlutfall karla og kvenna sem fara enga ferð var samanlagt 7,8% árið 2019 en er 9,1% árið 2022. Hlutfallið jókst um 1,3%.



Mynd 2.22 Allir þátttakendur sem fóru enga ferð eftir kyni




Tafla 2.1 Fjöldi þátttakenda og þeirra sem fóru enga ferð			
Ferðavenjukönnun	Fjöldi þátttakenda	Fjöldi sem fóru enga ferð	Hlutfall þeirra sem fóru enga ferð
2011	4.847	274	5,7%
2014	5.428	335	6,2%
2017	5.950	416	7,0%
2019	6.370	497	7,8%
2022	5.539	505	9,1%

Í töflu 2.1 má sjá samanburð á fjöldi þátttakenda, fjölda þeirra sem fóru enga ferð og hlutfall þeirra fyrir ferðavenjukönnunirnar frá 2011, 2014, 2017, 2019 og 2022. Hlutfall þeirra sem fara enga ferða hefur aldrei aukist jafn mikið og milli áranna 2019 og 2022, þar sem hlutfall þeirra sem fara enga ferð jókst um 1,3%.

Ef skoðað er hvernig þátttakendur sem fara enga ferð yfir daginn dreifast á milli póstnúmera á höfuðborgarsvæðinu fæst mynd 2.23. Þar sést annars vegar fjöldi þátttakenda sem fara enga ferð yfir daginn eftir póstnúmeri og árum ferðavenjukönnana og hins vegar hlutfall þátttakenda sem fer enga ferð miðað við heildarfjölda þátttakenda.

Mesti fjöldi þátttakenda sem fór enga ferð árið 2022 sem og 2019 voru 49 manns í 200 Kópavogi en það er aðeins 10% af heildarþátttakendum í því póstnúmeri á meðan hæsta hlutfall þátttakenda sem fór enga ferð var 15% í 225 Garðabær (Álftanes) eða 8 manns og 15% í 111 Reykjavík (Breiðholt) eða 25 manns. Mesta hlutfallslega aukningin áranna 2019 og 2022 er í 111 Reykjavík (Breiðholt) sem var 7% en 5% aukning var í 109 Reykjavík (Breiðholt). Mesta hlutfallslega lækkunin var í 116 Reykjavík (Grundarhverfi) þar sem hlutfallið lækkaði um 9% fyrir þá sem fóru enga ferðir. Hlutfallið lækkaði aðeins í tveimur hverfum til viðbótar í 104 (Laugardalur) og 110 (Árbær) um 2% í sitthvoru hverfinu.




Mynd 2.23 Efra stöplari sýnir fjölda þátttakenda sem fara enga ferð yfir daginn og neðra sýnir hlutfall þátttakenda sem fara enga ferð eftir póstnúmeri og árum ferðavenjukönnunar

2.4 Samanburður á ferðafjölda eftir fjölskyldutekjum

Með því að spyrja um fjölskyldutekjur er hægt að athuga hvort samband sé á milli fjölskyldutekna og fjölda ferða. Einungis þátttakendur eldri en 17 ára voru spurðir þessara spurningu. Á mynd 2.24 má sjá meðalfjölda ferða þátttakenda eldri en 17 ára miðað við fjölskyldutekjur.


Samtals tóku 74% svarenda afstöðu. Hæsti meðalfjöldi ferða er 3,6 fyrir tekjuhópin 1.500+ þúsund krónur á mánuði og næst á eftir var tekjuhópurinn 1.250-1.499 þúsund krónur á mánuði sem fara 3,5 ferðir að meðaltali. Niðurstöðurnar árið 2019 voru að eftirfarandi tekjuhópar fóru báðir að meðaltali 4,2 ferðir og því hefur ferðum fækkað fyrir þessa hópa um 0,6 og 0,7 að meðaltali á einstakling. Lægsti meðalfjöldi ferða er fyrir tekjuhópin undir 400 þúsund krónur á mánuði eða 2,3 ferðir á dag en árið 2019 voru það 3,2 ferðir og því hefur ferðum fækkað um 0,9 ferðir að meðaltali. Ferðum fækkaði mest fyrir tekjuhópana undir 400 þúsund krónur og 550-799 þúsund krónur á mánuði eða um 0,9 ferðir. Minnsti mismunur á ferðum milli áranna 2019 og 2022 var fyrir tekjuhópin 800-999 þúsund krónur þar sem ferðum fækkaði um 0,4 ferðir. Eins og sjá má þá eykst tíðni ferða með aukningu tekna fjölskyldu sem sást einnig skýrt í könnuninni frá árinu 2019.



Mynd 2.24 Meðalfjöldi ferða miðað við fjölskyldutekjur þátttakenda eldri en 17 ára fyrir 2019 og 2022

Athugað er hvort að einhver munur sé á ferðavenjum á milli kynjanna fyrir bæði árið 2019 og 2022. Mynd 2.25 sýnir meðalfjölda ferða m.v. fjölskyldutekjur og kyn. Í könnuninni 2022 eru 71% af karlmönnum eldri en 17 ára sem taka afstöðu til spurningarinnar „Fjölskyldutekjur?“. Þá svöruðu 76% kvenna sömu spurningu.

Eins og sést þá fara konur að meðaltali fleiri ferðir í öllum tekjubílum. Ferðum beggja kynjanna hefur fækkað milli ára. Mest fækkaði ferðum hjá tekjuhópnum <400 og 1.500< þúsund krónur á mánuði eða um 0,9 ferðir hjá karlmönnum. Það er áhugaverð niðurstaða þar sem tekjuhópurinn 1.500< þúsund krónur fer flestar ferðir að meðaltali en samt fækkar það hjá karlmönnum um 0,9 ferðir en lækkar minnst að sama lagi hjá konum. Ferðir kvenna fyrir tekjuhópin 550 – 799 fækkaði mest eða um 1 ferð.




Mynd 2.25 Meðalfjöldi ferða miðað við fjölskyldutekjur eftir kyni fyrir árin 2019 og 2022

2.5 Tengsl tímalengdar ferða og fjölda ferða

Fjöldi ferða á höfuðborgarsvæðinu í ferðavenjukönnun 2022 var 15.693 og af þeim voru 3.003 sem skráðu ekki lengd ferðar eða 19% af öllum skráðum ferðum. Til samanburðar voru samtals farnar 24.141 ferðir árið 2019 og 8% skráðu ekki lengd ferðar það ár. Hægt var að velja valmöguleikann „vil ekki svara“ eða „veit ekki“ fyrir lengd ferðarinnar sem gæti útskýrt þessa skráningu. Einu sinni er skráð tímalengd ferðar sem 0 mínútur. Tilgangur 31 ferða var skráð sem „vil ekki svara“ og 525 sem „veit ekki“.


Svör sem taka enga afstöðu þ.e. svara spurningu um lengd og tilgang ferða sem „veit ekki“ eða „vil ekki svara“ verður sleppt í frekari greiningum. Samtals svöruðu 13.420 þegar þeir sem tóku ekki afstöðu til lengdar eða tilgang ferðarinnar eru ekki taldir með. Á mynd 2.26 má sjá hversu margar ferðir eru farnar og lengd ferða. Flestar ferðir eru á bilinu 5-10 mínútur eða um 38%. Það sama gildir um niðurstöðurnar frá 2019. Næst algengast var að einstaklingar fari 11-15 mínútna ferðir, eða 23%. Safnlína á mynd 2.26 sýnir að 92% ferða eru jafnt og eða styttri en 30 mínútur. Flestar ferðir eru stuttar ferðir og um 766 ferðir eða 6% af heildarferðum var undir 5 mínútum.



Mynd 2.26 Tímalengdir allra ferða í ferðavenjukönnun 2022

Þegar borið er saman lengd ferða á milli ferðavenjukönnun frá árinu 2017, 2019 og 2022 á mynd 2.27, sést að tímalengd ferða hefur minnkað í flest öllum tilvikum.

Ef borið er saman árið 2017 og 2019 fjölgaði 5-10 mínútna ferðum úr 30% í 42% en þegar borið er saman árið 2019 og 2022 fækkaði ferðum mest þar eða fór úr því að vera hlutfallslega um 42% ferða árið 2019 í það að vera um 38% ferða 2022.



Mynd 2.27 Tímalengdir allra ferða í ferðavenjukönnun 2017, 2019 og 2022


Á mynd 2.28 má sjá skiptingu ferða eftir ferðatilgangi. Hægt var að velja á milli 14 svarmöguleikum. Seinustu þrír svarmöguleikarnir við spurningunni um tilgang ferðarinnar voru: „Annar“, „Vil ekki svara“ og „Veit ekki“. Ekki var talið svörin með í útreikningunum þar sem engin afstaða er tekin og þar sem ekki er skráð lengd ferðar. Samtals voru það 31 einstaklingar sem vildu ekki svara spurningunni og 219 sögðust ekki vita. Samtals voru 13.419 sem merkti við tilgang ferðar og gaf upp ferðatíma þeirrar ferðar.

Algengasti tilgangur ferða er „Fara í vinnu“ og „Fara heim (annað)“ þar sem hlutfallið af heildarferðum er 23% og 17%. Þar á eftir er „Fara í afþreyingu“ alls 14% og svo „Fara heim úr vinnu“ 12%. Þar sem hlutfallið er aðeins 12% sést að næstum helmingur fer eitthvert annað eftir vinnu.

Farið er 2% oftar beint heim eftir vinnu árið 2022 í samanburði við seinustu ferðakönnunina 2019, þegar 19% ferða var í vinnuna en 10% var beint heim eftir vinnu.

Hins vegar er meðaltími ferða hæstur fyrir „Ferð vegna vinnu“ en þær eru 4% af heildarferðum sem eru farnar eða um 27 mínútur. Meðaltími er næst hæstur fyrir „Fara heim úr vinnu“ eða 20 mín og síðan fyrir „Sinna öðrum erindum“ eða „Fara í afþreyingu“ eða 18 mín. Meðaltíminn fyrir „Fara í vinnu“ eða er 17 mínútur. Meðaltíminn fyrir „Skutla/sækja farþega“ er 15 mínútur. Næst er meðaltíminn sá sami fyrir „Fara í skóla“ og „Fara í verslun“ eða 14 mínútur.

Áhugavert er að taka eftir að meðaltíminn fyrir „Fara í vinnu“ er 17 mín en „Fara heim úr vinnu“ er 20 mínútur sem gefur til kynna að minni umferð sé úr vinnu heldur en í vinnunna. Fólk fer mögulega í afþreyingar eftir vinnu á háannatíma þannig að umferðin á leiðinni heim er verri en á morgnanna. Lægsti meðalferðatíminn er 11 mínútur með þann tilgang að „Keyra/sækja barn“.



Mynd 2.28 Skipting ferða í ferðavenjukönnun 2022 eftir ferðatilgangi ásamt meðalferðatíma fyrir hvern ferðatilgang



2.6 Tengsl ferðafjölda og þeirra sem nýta sér fjarvinnu/náms möguleika


Breytingar á ferðavenjum íbúa höfuðborgarsvæðisins gæti skýrst á auknum möguleika á fjarnáms/vinnu möguleikum eftir COVID-19 heimsfaraldurinn. Meðal nýrra spurninga í ferðavenjukönnun 2022 eru:

- *Býðst möguleiki á fjarvinnu á þínum vinnustað?*
 - Að jafnaði, hve marga daga í viku nýtir þú þér fjarvinnumöguleika í þinni vinnu?
- *Býðst möguleiki á fjarnámi í þínum skóla/skóla barnsins?*
 - Að jafnaði, hve marga daga í viku nýtir þú þér/barnið sér fjarnámsmöguleika í þínu/sínu námi?

2.6.1 Fjarvinna


Af þeim sem tóku afstöðu varðandi fjarvinnu á vinnustöðum sögðu 55% að fjarvinna væri í boði en 45% svöruðu neitandi. Þeir sem svöruðu að fjarvinna væri í boði voru spurðir: „Að jafnaði, hve marga daga í viku nýtir þú þér fjarvinnumöguleika í þinni vinnu?“ og niðurstöðurnar má sjá á mynd 2.31.

Flestir unnu aldrei í fjarvinnu eða 51%. Flestir sem nýttu sér valmöguleikann á að vinna heima unnu í einn dag eða 29%.




Mynd 2.29 Fjöldi daga og hlutfall þeirra sem nýta sér fjarvinnu að jafnaði í viku

Á mynd 2.30 er tekið saman heildarfjöldi ferða fólks sem nýtir sér fjarvinnu. Eins og við mátti búast fara einstaklingar sem vinna engan dag í fjarvinnu flestu ferðirnar. Áhugavert er að sjá að hlutfall þeirra ferða sem farið er minnkar ótrúlega hratt fyrir fleiri nýtta fjarvinnudaga. Þeir einstaklingar sem vinna að jafnaði fjóra daga á viku í fjarvinnu fara fæstu ferðir en athyglisvert er að benda á það að einstaklingar sem vinna fimm eða fleiri daga í fjarvinnu fara 4% af heildarferðum.




Mynd 2.30 Heildarfjöldi ferða fyrir þá sem nýta sér fjarvinnu að jafnaði yfir vikuna

Á mynd 2.31 sést hversu hátt hlutfall af þátttakendum í hverju sveitarfélagi fyrir sig stunda fjarvinnu. Flestir sem vinna fjarvinnu búa á Seltjarnarnesi eða 25% þátttakenda nýta sér einn eða fleiri daga í fjarvinnu. Algengast var að nýta sér einn dag í fjarvinnu eða 15% gerðu það. Næst algengast er að fólk sem býr í Garðabæ nýti sér fjarvinnu en samtals nýta 18% svarenda sér einn eða fleiri dag í fjarvinnu. Í Garðabæ var einnig hæsta hlutfall þátttakenda sem nýta sér ekki fjarvinnu eða 20%. Bæði í Reykjavík og Kópavogi vinna 18% engan dag í fjarvinnu.



Mynd 2.31 Fjöldi þeirra sem vinna fjarvinnu að jafnaði á viku í hverju sveitarfélagi

Á mynd 2.32 er hlutfall þeirra sem nýta sér fjarvinnu skipt niður á aldursbil. Flestir eða 27% þeirra sem eru 40-59 ára nýta engan dag í fjarvinnu. Þó er algengast að einstaklingar í þessum aldursflokki nýti sér fjarvinnu í einn eða fleiri daga í viku eða 25% gera það. Flestir nýta sér einn dag í viku í fjarvinnu eða 16%. Næst algengast er að einstaklingar á aldrinum 20-39 ára nýti sér þennan möguleika en samtals vinna 18% einstaklinga einna eða fleiri dag að heiman.




Mynd 2.32 Hlutfall þeirra sem nýta sér fjarvinnu að jafnaði á viku fyrir mismunandi aldurshópa

2.6.2 Fjarnám

Þegar skoðað er fjölda þeirra sem hafa möguleika á fjarnámi svöruðu 47% þeirra sem tóku afstöðu hafa möguleika á fjarnámi og 53% sögðust ekki hafa möguleika á fjarnámi. Þeir sem svöruðu að fjarnám væri í boði voru spurðir: „Að jafnaði, hve marga daga í viku nýtir þú þér/barnið sér fjarnámsmöguleika í þínu/sínu námi?“ og niðurstöðurnar má sjá á mynd 2.35. Flestir nýta sér engan dag í fjarnámi eða 38%.


Flestir sem nýta sér valmöguleikann á að vera í fjarnámi nýta sér fimm eða fleiri daga í fjarnámi eða 25%. Næst algengast er að einstaklingar nýta sér tvo daga í fjarnámi, eða 14%.



Mynd 2.33 Hlutfall þeirra sem nýta sér fjarnám að jafnaði í viku

Vert er að kanna hvort þeir sem nýta sér fjarnám fara færri ferðir en þeir sem nýta sér það ekki. Á mynd 2.36 er tekið saman heildarfjöldi ferða fólks sem nýtir sér fjarnám.


Eins og við mátti búast fara einstaklingar sem nýta sér aldrei fjarnám fleiri ferðir eða um 43% þeirra. Næst flestar ferðir eru farnar af einstaklingum sem eru í einn dag í fjarnámi eða 14% þeirra. Áhugavert er að sjá muninn á hlutföllunum af heildarfjölda ferða þegar horft er á þá sem nýta sér einn dag í fjarnámi, borið saman við þá sem nýta sér tvo. Áhugavert er að sjá að þeir sem eru í fjarnámi í fimm eða fleiri daga í viku fara 16% af heildarfjölda ferða.



Mynd 2.34 Fjöldi ferða einstaklinga sem nýta sér fjarnám að jafnaði yfir vikuna


Á mynd 2.35 er reiknað hlutfall þeirra sem nýta sér fjarnáms möguleika miðað við fjölda þátttakenda í hverju sveitarfélagi. Það kom í ljós að hlutfallslega búa flestir í Reykjavík sem nýta sér fjarnám í einn eða fleiri daga en um 2,3% gerir það. Algengast er að einstaklingar nýti einn eða tvo daga í fjarnámi en í bæði skiptin nýta 0,4% einstaklinga það í Reykjavík. Enginn á Seltjarnarnesinu nýtir sér þennan valmöguleika.

Næst algengast er að einstaklingar sem búa í Hafnafirði nýti einn eða fleiri daga í fjarnámi eða 1,5% og 1,4% gera það í Mosfellsbæ.



Mynd 2.35 Fjöldi þeirra sem nýta sér fjarnám að jafnaði á viku fyrir hvert sveitarfélag


Á mynd 2.36 sést hlutfall þeirra sem nýta sér fjarnáms möguleika á hverju aldursbili. Bæði er algengast að enginn nýti sér þann möguleika á aldursbilinu 20-39 ára eða 2,2% og að þau nýti sér einn eða fleiri dag í fjarnámi eða samtals nýta 4% gera það. Fyrir bæði aldursbilin undir 20 ára og 40-59 ára nýta 1% þeirra að vinna einn eða fleiri daga í fjarnám á viku.



Mynd 2.36 Hlutfall þeirra sem nýta sér fjarnám að jafnaði í viku fyrir mismunandi aldurshópa



Á mynd 2.37 sést hversu mörg farartæki eru á hverju heimili. Hægt er að merkja við fleiri en einn valmöguleika, þannig hægt er að merkja við að eiga bíl og rafhlaupahjól þannig að stundum er talið sama einstaklinginn tvisvar. Hægt er að velja um farartækin: bíl, reiðhjól og rafhlaupahjól. Á mynd 2.29 sést að flestir eiga ekkert rafhlaupahjól, eða 81% einstaklinga. Á eftir hafa flestir aðgang að einum bíl á heimilinu. Áhugavert er að sjá að lítil munur er á fjölda þeirra sem eiga eitt reiðhjól eða sem eiga eitt rafhlaupahjól. Þegar svarað er hvort það séu fleiri en eitt rafhlaupahjól eða reiðhjól á heimilinu munar meiru og eru þá fjöldi þeirra sem eiga fleiri reiðhjól meiri.




Mynd 2.37 Fjöldi farartækja á hverju heimili

2.7

Hjólreiðar

Í könnuninni er spurt: „Hvað af eftirtöldu á best við um þig/barnið þitt og hjólreiðar?“. Samtals taka 99% einstaklingar afstöðu. Flestir svara að þau hjóli sjaldan yfir árið eða 35% gera það. Næst algengast er að fólk hjóli aldrei eða 33% völdu þann svarmöguleika. Á mynd 2.40 sést hlutfall hvers svarmöguleika og fyrir ofan hverja súlu sést meðalfjöldi ferða fyrir hvern svarmöguleika. Athyglisvert er að sjá að þeir sem hjóla allt árið í kring og þeir sem hjóla aldrei fara að meðaltali jafn margar ferðir á dag.



Mynd 2.38 Hlutfall heildarfjölda ferða og meðalfjöldi ferða á dag reiknaður fyrir einstaklinga sem hjóla eða hjóla ekki yfir árið



3 Samantekt

Tilgangur þessa verkefnis var helst að bera saman niðurstöður ferðavenjukönnunar 2022 fyrir höfuðborgarsvæðið við síðustu fjórar ferðavenjukannanir frá fyrri árum og leita svara sem settar eru fram í inngangi. Lagt er megináherslu á könnunina frá 2022. Að meðaltali fara einstaklingar sem eru yngri en 17 ára flestar ferðir sem var einnig niðurstaðan árið 2019. Áhugavert er að sjá að 43% af ferðunum þessa hóps eru farnar gangandi og næst algengast er að einstaklingarnir eru farþegar í bíl eða í 33% tilfella.

Almenningssamgöngur eru vinsælust hjá þeim einstaklingum sem eru með bílpróf en hafa ekki aðgengi að bíl en þau taka strætó í 29% tilfella og fara að meðaltali 2,5 ferðir. Ef borið er saman við þá sem eru 17 ára og eldri án bílprófs ferðast 24% þeirra með strætó og að meðaltali er farið 2,3 ferðir. Það munar litlu á fjölda ferða þessara einstaklinga. Því hefur aðgengi að bíl mikið vægi á fjöldi ferða sem einstaklingar fara. Aðeins 2% þeirra sem eru með bílpróf og hafa aðgang að bíl taka strætó og fara 3,1 ferðir að meðaltali.

Af OECD ríkjunum er atvinnuþátttaka hæst á Íslandi meðal vinnufærs fólks. Atvinnuleysi á Íslandi er meðal 15 lægstu meðal OECD ríkja árið 2022. Meðalfjöldi ferða fólks sem er í vinnu er 3,4 ferðir en 2,2 ferðir fyrir þá sem er ekki í vinnu. Árið 2019 fóru þeir sem eru ekki í vinnu að meðaltali 3,1 ferð. Meira munar milli þessara hópa árið 2022 og um 33% þátttakenda sem eru ekki í vinnu fóru enga ferð yfir daginn sem getur útskýrt lægra heildarmeðaltal á meðalfjölda ferða. Sami meðalfjöldi ferða fæst fyrir einstaklinga sem eru í námi og fyrir þá sem eru í vinnu þannig að það hefur ekki áhrif á hversu oft einstaklingur ferðast yfir daginn.

Árið 2022 eru flestir sem fara enga ferð í pósthúmerinu 200 þar sem 479 einstaklingar gera það ekki. Í pósthúmerunum 111 og 225 eru hlutfallslega flestir sem fara enga ferð eða 15%. Algengast er fyrir einstaklinga í aldurshópnum 60 ára og eldri að fara enga ferð en 22% einstaklinga gera það. Hlutfall karla og kvenna sem fara enga ferð jókst milli kannana eða um 0,7% fyrir karla og 0,5% fyrir konur. Hlutfallslega fara flestir sem búa í Kópavogi enga ferð eða 11% en þar hefur einnig verið mesta hlutfallslega aukningin hjá þeim sem fara enga ferð eða 5% fleiri fara enga ferð samanborið við 2019. Fleiri konur á öllum aldursbilum fara enga ferð samanborið við karla. Á sama tíma fara konur í öllum tekjubílum fleiri ferðir að meðaltali borið saman við karlmenn. Meðalfjöldi ferða eykst þó hjá báðum kynjunum eftir því sem fjölskyldutekjur hækka.

Um helmingur svarenda hafa kost á að velja fjarvinnu eða fjarnám. Um 51% svarenda nýta fjarvinnu möguleikann en um 28% nýta sér fjarnáms möguleikann, þar sem það er í boði. Í hverju sveitarfélagi er algengast er að fólk nýti sér fjarvinnu/fjarnám í Seltjarnarnesi en fæstir í Reykjavík og Hafnafirði í einn eða fleiri daga á viku. Fjarvinna er algengust hjá aldurshópnum 40-59 ára en 20-39 ára fyrir þá sem nýta sér fjarnám. Fjöldi ferða lækkaði í báðum tilvikum eftir að fleiri dagar eru nýttir í fjarvinnu/fjarnámi.

Flestar ferðir einstaklinga voru á bilinu 5-10 mínútur, eða 44% ferða og einungis um 8% ferða var lengri en 30 mínútur. Algengasti valmöguleikinn fyrir tilgang ferðarinnar er „Fara í vinnu“ og var það 23% af heildarferðum, „Fara heim (annað)“ er 17% ferða og „Fara í affreyingu“ er 14% ferða. Áhugavert er að sjá að meðaltími einstaklinga í vinnunna er 3 mínútum styttri borið saman við þá sem fara heim úr vinnunni. Um 11% einstaklinga fara eitthvert annað en heim beint eftir vinnu.

Þegar spurt er út í hversu mörg farartæki af ákveðinni tegund er til á heimilinu var algengast að fólk eigi ekki rafhlaupahjól. Áhugaverð niðurstaða hér er að litlu munar á fjölda einstaklinga sem eiga eitt reiðhjól og eitt rafhlaupahjól. Samtals sögðu 992 einstaklingar eiga eitt reiðhjól en 750 eiga eitt rafhlaupahjól sem bendir til hversu vinsælt rafhlaupahjólin eru orðin á heimilum. Þá eru fleiri sem velja að eiga einn bíl fremur en tvo.



4 Heimildaskrá

Capacent Gallup. (2011). Ferðir íbúa höfuðborgarsvæðisins, heildarskýrsla október - desember 2011.

Capacent Gallup. (2014). Ferðir íbúa á höfuðborgarsvæðisins, Heildarskýrsla, október - nóvember 2014.

Gallup. (2017). Ferðir íbúa höfuðborgarsvæðisins, Heildarskýrsla, október - nóvember 2017 .

Gallup. (2019). Ferðir íbúa höfuðborgarsvæðisins, Heildarskýrsla, október - nóvember 2019 .

Gallup. (2022). Ferðir íbúa höfuðborgarsvæðisins, Heildarskýrsla, október - nóvember 2022 .

OECD Data. (15. 11 2023-a). *Employment rate*. Sótt frá OECD Data:
<https://data.oecd.org/emp/employment-rate.htm#indicator-chart>

OECD Data. (15. 11 2023-b). *Unemployment rate*. Sótt frá OECD Data:
<https://data.oecd.org/unemp/unemployment-rate.htm#indicator-chart>